



Mál nr. S-245/2023 – Sjávarútvegsstefna og frumvarp til laga um sjávarútveg

Þann 24. nóvember 2023 voru drög að frumvarpi til laga um sjávarútveg birt í samráðsgátt stjórnvalda. Veittur var frestur til og með 22. desember 2023 til að senda inn umsagnir. Umsagnafresturinn var framlengdur tvisvar, annars vegar til og með 10. janúar 2024 og svo til og með 17. janúar 2024. Alls bárust 95 umsagnir frá 86 aðilum. Samtals bárust 30 umsagnir frá einstaklingum, 15 umsagnir frá fyrirtækjum og útgerðum, 14 umsagnir frá sveitarfélögum, 6 umsagnir frá stofnunum og 21 umsögn frá félagasamtökum. Umsagnir sem bárust voru margar ítarlegar og innihéldu athugasemdir og ábendingar um efnislega þætti frumvarpsins.

Í umsögnunum voru skiptar skoðanir á efni frumvarpsins og í þónokkrum umsögnum bent á að frumvarpið myndi ekki leiða til einföldunar eða skilvirkni. Margar umsagnir sneru að því að meðalhófs hafi ekki verið gætt og gengið sé lengra í nýmælum frumvarpsins en tilefni væri til. Þá var bent á að fullri rökstuðning vanti fyrir ýmsum þeim breytingum sem lagðar eru til í drögunum. Einnig var bent á mikilvægi þess að ítarlegt áhrifamat liggja fyrir um þær breytingar sem frumvarpið ber með sér, og lagt verði mat á áhrif á samkeppnishæfni sjávarútvegs sem og áhrif á mismunandi byggðir og stærðir útgerða. Umsagnir eru margar ítarlegar og innihalda tillögur að breytingu á orðalagi. Margar tillögur að breytingum sneru að orðskýringum og tillögum hvernig skýra mætti enn frekar orðalag í ákvæðum frumvarpsins. Flestar umsagnir um breytingu á fiskveiðiári voru á þá leið að ekki ætti að samræma það við almanaksárið, m.a. í umsögn Matís og SFS.

Umsagnir sem mest bar á milli snúa aðallega að því að í frumvarpinu sé gengið of langt þegar kemur að ákvæðum er snúa að varúðar- og vistkerfisnálgun eða að ekki sé gengið nógu langt. Þá sé of stutt eða of langt gengið í ákvæðum er snúa að gangsaði, eftirliti með eignar- og stjórnunartengslum, tengdum aðilum, upplýsingaöflun og viðurlögum, en þá aðallega vegna tillögu um heimild Fiskistofu til að beita stjórnvaldssektum við tilteknum brotum á ákvæðum frumvarpsins.

Í nokkrum umsögnum var bent á að of miklar valdheimildir sem finna má í núgildandi lögum séu með frumvarpinu færðar frá Alþingi og til ráðherra. Þá bárust margar umsagnir sem snúa að ákvæðum frumvarpsins um svonefndan 5,3% pott eða byggðakerfi, en athugasemdir sneru helst að útfærslu ákvæða um strandveiðar, aflamark Byggðastofnunar og innviðaleið. Helstu athugasemdir um strandveiðar sneru að framkvæmd, fyrirsjáanleika, dagafjölda, skráningu og eftirliti með strandveiðileyfum, niðurfellingu heimildar um ufsa, svæðisskiptingu, öryggi sjómanna og ívilnun vegna rafvæðingar báta og skýra mætti markmið nánar. Helstu athugasemdir um aflamark Byggðastofnunar, sneru að markmiðum kerfisins og áhrif úthlutunar á samkeppni. Helstu athugasemdir um innviðaleið voru að ákvæði frumvarpsins væru óljós, verið væri að færa heimildir frá smærri útgerðum til stærri útgerða og leiðin hefði neikvæð áhrif fyrir byggðir sem notið hafa hingað til almenns byggðakvóta. Bent var á að ómögulegt væri fyrir sveitarfélög að átta sig á áhrifum tillögunnar og hvorki leið A eða B sem kynnt var í samráðsgátt teldist góð. Í einni umsögn var lagt til að almennur byggðakvóti, ef honum yrði breytt, væri færður undir aflamark Byggðastofnunar.

Einnig bárust ábendingar og tillögur er varða nýtingu sjávargróðurs og hvernig skýra megi ákvæði frumvarpsins enn frekar þegar kemur að slíkri auðlindanýtingu. Þá bárust tillögur um breytingar á útreikningi þorskígildastuðla og ákvörðun um hámarksaflahlutdeild.

Í umsögnum voru skiptar skoðanir um viðbótarafhlutdeild fyrir félög sem skráð eru á markað skv. 44. gr. frumvarpsins og í meirihluta umsagna var lagst gegn þeirri tillögu, þar sem hún myndi leiða til enn



frekari samþjöppunar aflaheimilda og fela í sér mismunun milli útgerða sem eru með dreift eignarhald í öðrum félagaförum og eru ekki skráð á markað.

Einnig voru gerðar athugasemdir við breytingar á veiðigjaldi og sneru flestar umsagnir að tillögu um að fella niður heimild til að draga veiðigjald frá tekjuskattsstofni en einnig athugasemdir við hækkun veiðigjalds á uppsjávarfisk og áhrif á samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrði, sem og áhrif á tekjur sjómanna.

Lagt var til í nokkrum umsögnum að kafla um skiptaverðmæti sjávarafla yrði felldur brott þar sem lög um efnið, nr. 26/1986 séu úrelt og þeim ekki beitt í dag.

Þá voru gerðar athugasemdir við tillögu um að fella niður línuvinnun og skel- og rækjubætur og bent á neikvæð áhrif þess fyrir byggðalög og smærri útgerðir og skiptar skoðanir hvernig ráðstafa ætti því aflamarki sem verður eftir við niðurfellinguna.

Niðurstöður samráðs.

Matvælaráðuneytið hefur yfirfarið og kortlagt allar ábendingar og athugasemdir eftir viðkomandi greinum frumvarpsins. Umsagnirnar eru margar ítarlegar og gefa tilefni til frekari útfærslu og vinnu við einstök ákvæði frumvarpsins og í nokkrum tilvikum hafa áhrif á drög að þingsályktun um sjávarútvegsstefnu.

Meðal þeirra ábendinga sem komu fram í umsögnunum og krefjast frekari vinnslu eða munu hafa áhrif á drög frumvarpsins eru:

- Breytingar á orðskýringum frumvarpsins.
- Skýra nánar ákvæði er snúa að valdheimildum ráðherra.
- Skýra nánar ákvæði er snúa að vistkerfis- og varúðarnálgun.
- Mæla fyrir um heimild til leyfi til fjarvigtunar.
- Útfæra nánar innviðastuðning í samstarfi við sveitarfélög, önnur ráðuneyti og Byggðastofnun.
- Skýra nánar ákvæði um nýtingu sjávargróðurs.
- Leggja mat á það hvort fella skuli brott forkaupsrétt sveitarfélaga að fiskiskipum.
- Leggja mat á það hvort fella skuli brott ákvæði núgildandi laga um skiptaverðmæti sjávarafla, nr. 26/1986.
- Ítarlegt áhrifamat vegna þeirra breytinga sem frumvarpið mælir fyrir um.